

Fimmtudaginn 3. júní 1999.

Nr. 19/1998.

**Starfsmannafélag ríkisstofnana f.h.
Halldóru Hilmarsdóttur**

(Hörður Felix Harðarson hdl.)

gegn

**fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna
ríkisspítalanna**

(Einar Karl Hallvarðsson hrl.)

Kjarasamningur. Staðgengilslaun.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 19. maí sl.

Málið dæma Eggert Óskarsson, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gylfi Knudsen, Guðni Á. Haraldsson og Kristján Torfason.

Stefnandi er Starfsmannafélag ríkisstofnana (SFR), kt. 620269-3449, Grettisgötu 89, Reykjavík, f.h. félagsmanns síns Halldóru Hilmarsdóttur, kt. 161272-5589, Gullteig 12, Reykjavík.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, kt. 550169-2829, Arnarhváli, Reykjavík, vegna ríkisspítalanna, kt. 540269-6379, Rauðarástíg 31, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda.

Að viðurkennt verði með dómi að stefnda sé skylt að greiða Halldóru staðgengilslaun samkvæmt launaflokki 242 þrepi 8 í kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkisins tímabilin 01.04.97–30.06.97, 04.12.97–31.01.98 og 16.03.98–31.03.98 og samkvæmt launaflokki B03–6 tímabilið 01.04.98–13.04.98.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmanna Mörkinni 1 sf. Við málskostnaðarákvörðun verði gætt að skyldu stefnanda til að greiða virðisaukaskatt vegna lögmansþjónustu.

Dómkröfur stefnda.

Stefndi krefst þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati Félagsdóms.

Með úrskurði uppkeðnum 4. mars sl. var hafnað kröfu stefnda um frávísun málsins. Með dómi Hæstaréttar uppkeðnum 25. mars sl. var sá úrskurður staðfestur.

Málavextir.

Halldóra Hilmarsdóttir er lækningaritari að mennt og starfar hjá stefnda. Hún er félagsmaður í Starfsmannafélagi ríkisstofnana (SFR) og fékk greidd laun á þeim tíma sem hér skiptir máli samkvæmt þrepi 3 í launaflokki 239 í kjarasamningi SFR og stefnda. Hún gegnir ekki launuðu staðgengilsstarfi.

Sveindís Þórisdóttir er deildarlækningaritari á Landspítalanum. Gerir stefnandi kröfu til þess að Halldóra fái sömu laun og Sveindís fékk á þeim tíma sem um ræðir, þ.e. samkvæmt þrepi 8 í launaflokki 242 í kjarasamningi SFR og samkvæmt launaflokki B03-6 tímabilið 01.04.98–13.04.98.

Sveindís var frá störfum vegna forfalla tímabilin 01.04.97–30.06.97, 04.12.97–31.01.98 og 16.03.98–13.04.98. Var Halldóru falið að gegna störfum Sveindísar í forföllum hennar

Í grein 9.3.1. í kjarasamningi SFR er svohljóðandi ákvæði:

„Starfsmaður sem ekki er í stöðu staðgengils yfirmanns, en er falið að gegna störfum yfirmanns í forföllum hans eða störfum annars herra launaðs starfsmanns, skal taka laun skv. launaflokki hins forfallaða starfsmanns þann tíma, er hann gegnir starfi hans.“

Aðila greinir á um það hvort Halldóra Hilmarsdóttir eigi rétt til staðgengilslauna samkvæmt ákvæði þessu þann tíma sem hún gegndi störfum Sveindísar Þórisdóttur í forföllum hennar.

Stefnandi kveður mál þetta falla undir lögsögu Félagsdóms á grundvelli 3. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir á eftirtöldum málsástæðum og lagarökum.

Krafa stefnanda er um laun samkvæmt þeim launaflokki og því launaþrepi sem hinn forfallaði starfsmaður hafi fengið greidd laun eftir. Krafan er byggð á grein 9.3.1. í kjarasamningi SFR og stefnda. Eins og skýrt komi fram í ákvæðinu eigi það við hvort sem hinn forfallaði starfsmaður sé (1) yfirmaður viðkomandi starfsmanns eða (2) annar herra launaður starfsmaður. Telur stefnandi öll skilyrði kjarasamningsákvæðisins uppfyllt. Á því er byggt að þar sem hinn forfallaði starfsmaður hafi fengið greidd laun samkvæmt 8 þrepi launaflokks 242 og að hluta samkvæmt launaflokki B03-6 eigi Halldóra rétt til launa samkvæmt sama launaflokki og sama launaþrepi þann tíma sem herra launaði starfsmaðurinn var fjarverandi vegna forfalla og hún gegndi starfi hans.

Stefnandi bendir á að Félagsdómur hafi þegar dæmt um það álitaefni sem hér sé lagt fyrir dóm. Vísast til dóma Félagsdóms frá 30. desember 1991 í málinu nr. 6/1991 og frá 2. nóvember 1993 í málinu nr. 8/1993. Sá einn munur sé á atvikum þessa máls og tilvitnuðum málum að í þessu tilviki sé hinn forfallaði „annar hærra launaður starfsmaður“ en í dómunum hafi hinir forfölluðu verið yfirmenn staðgengilsins.

Krafa um málskostnað er reist á 130. gr. laga um meðferð einkamála. Stefnandi telur að við ákvörðun málskostnaðar beri að líta til þess að stefnandi hafi leitast við að fá niðurstöðu í málið með tilvísun til dómafordæma Félagsdóms í sambærilegum málum, en stefndi hafi kosið að líta fram hjá þeim þannig að málishöfðun sé nauðsynleg. Stefndi njóti ekki frádráttarréttar vegna kostnaðar af virðisaukaskatti.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er tekið fram að samkvæmt grein 9.3.1. séu tilvikin tvenns konar, annars vegar þegar starfsmanni sé falið að gegna störfum yfirmanns í forföllum hans eða störfum annars hærra launaðs starfsmanns. Fyrir liggir að Halldóra hafi starfað sem læknaritari umrædd tímabil. Greint ákvæði vísar til þess að um annað starf sé að ræða. Engin breyting hafi orðið á starfi Halldóru umrædd tímabil. Þar sem um sama starfið hafi verið að ræða komi ákvæði greinarinnar ekki til álita.

Í samþykkt um kjör læknaritara frá 11. maí 1995, sem dæmd hafi verið skuldbindandi með dómi Félagsdóms þann 12. júní 1996 í málinu nr. 3/1996, séu sérstök ákvæði um röðun í flokka. Taki þau algerlega mið af starfsaldri. Sé í öllum tilvikum um að ræða starfsheitið „læknaritari“, en eftir 5 ára starf fái viðkomandi starfsheitið „deildarlæknafulltrúi.“ Halldóra Hilmarsdóttir hafi unnið sem læknaritari, en ekkert starf hafi verið sérstaklega skilgreint sem starf deildarlæknafulltrúa, heldur sé þar einungis um að ræða kenni á röðun í launaflokk sem komi til eftir 5 ára starf. Það skilyrði ákvæðisins í grein 9.3.1. að starfsmanni hafi verið falið að gegna störfum annars hærra launaðs starfsmanns sé því ekki til að dreifa þegar af þeirri ástæðu að Halldóra hafi unnið starf læknaritara, ekki annað starf hærra launaðs starfsmanns heldur sitt eigið starf. Hafi því verið um eitt og sama starfið að ræða. Ófrávíkanlegt skilyrði fyrir því að á ákvæðið reyni samkvæmt orðan sinni sé að um annað

og meira starf sé að ræða en ekki hið sama. Starfið verði því að vera hærra launað vegna eðlis starfsins, en því sé ekki til að dreifa.

Þessu til áréttingar er á því byggt að lækningararar séu löggilt starfsstétt. Hafi þeir einir leyfi til að kalla sig lækningarara og starfi sem slíkir og hafi til þess leyfi heilbrigðisráðherra. Vísað er til reglugerðar nr. 161/1987, reglugerðar nr. 162/1988 og reglugerðar nr. 325/1991, sbr. lög nr. 24/1985 um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta. Starfið sé skilgreint í 3. gr. reglugerðar nr. 161/1987 og felist það í því að annast ritun, skýrslugerð og umsjón með öllum gögnum sem varða sjúklinga og meðferð þeirra svo og annarra aðila er til heilbrigðisstofnana leita, allt samkvæmt nánari fyrirmælum lækna og undir handleiðslu þeirra og ábyrgð. Réttarreglur þessar gefi því ekki tilefni til annars en að litið sé á starf lækningarara sem eitt og sama starfið og samrýmist það fyrrgreindu ákvæði kjarasamnings og samþykktar um röðun í launaflokka, sem einungis sé byggð á starfsaldri.

Ákvæði í grein 9.3.1. vísar eðli málsins samkvæmt til þeirrar aðstöðu þegar um annað og breytt starf sé að ræða svo sem að framan er rakið, en slíkt eigi ekki við í tilviki Halldóru og er því mótmælt sem röngu og ósönnuðu. Ákvæðið vísar ekki til þeirrar aðstöðu þegar persónulegar ástæður valda því að annar starfsmaður sem vinnur sama starf sé hærra launaður en hinn. Engin rök standi til þess að Halldóra hefði sjálfkrafa átt að fá í sinn hlut hækkun þá sem einungis stafar af starfsaldri Sveindísar Þórisdóttur. Stefndi byggir á því að ákvæðið í grein 9.3.1. sé undantekningarákvæði frá því að starfsmaður sé ráðinn með vísan til þess starfsheitis sem greinir í kjarasamningi og að um laun fari samkvæmt því ákvæði. Ákvæðið beri því að skýra þröngt sem undantekningu frá meginreglunni sem fram kemur í 1. kafla kjarasamnings aðila.

Stefndi mótmælir því sem ósönnuðu að Halldóru hafi verið falið að gegna öðru starfi í skilningi ákvæðis 9.3.1. í kjarasamningi. Engin formleg ákvörðun yfirmanns hennar liggir fyrir þar að lútandi. Vísast um það til vinnureglu fjármálaráðuneytisins um að slík ákvörðun skuli tekin af forstöðumanni, skriflega og með fyrirvara. Vísast hér til stjórnunarréttar yfirmanna Halldóru samkvæmt meginreglum vinnuréttar og meginreglu laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, t.d. í 15. gr. Í stjórnunarrétti felist að yfirmanni sé heimilt að stjórna fyrirkomulagi vinnu starfsmanns, svo sem því

hvaða verkefnum hver starfsmaður sinnir í starfi sínu. Í málinu verði að gera greinarmun á því hvenær starfsmanni sé falið að sinna verkefnum og hvenær honum sé falið annað starf eða fluttur milli starfa tímabundið. Halldóra hafi einatt sinnt sama starfinu.

Verði ekki á framangreint fallist er á því byggt að sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnanda þar sem ráðningarsamningar hafi sérstaklega verðir gerðir um afleysingar. Við þær aðstæður eigi ákvæði greinar 9.3.1. ekki við heldur gildi efni ráðningarsamningsins þar að lútandi framar. Ákvæðin í 9. kafla kjarasamningsins byggja augljóslega á því að starfsmanni sem þegar sé ráðinn í starf sé að óbreyttum ráðningarsamningi falið af yfirmanni sínum að ganga í annað starf um stundarsakir. Þar sem Halldóra hafi gert sérstakan ráðningarsamning um afleysingar gildi efni hans og sá launaflokkur sem samið hafi verið um en ekki ákvæði 9. kafla kjarasamningsins.

Halldóra hafi verið í starfsþjálfun sem lækningaritani frá 1. ágúst 1996 til 30. nóvember 1996. Hafi hún síðan unnið sem fulltrúi í desember það ár. Með breytingu á ráðningarsamningi hafi hún verið ráðin til afleysingar sem lækningaritari frá 1. apríl til 30. júní 1997 í fullt starf. Komi fram að hún hafi verið flutt af bæklunarlækningadeild yfir á svæfinga- og gjörgæsludeild í þrjá mánuði til afleysingar. Engin breyting hafi verið á starfi. Frá 4. desember 1997 til 31. janúar 1998 hafi hún verið ráðin í afleysingar í 60% starf sem lækningaritari á svæfinga- og gjörgæsludeild. Hafi verið gerður sérstakur ráðningarsamningur þar að lútandi sem skammtímaráðning vegna afleysinga. Frá sama tíma hafi ráðning hennar verið sem nam 40% afleysingastarfi á Barnaspítala Hringisins samkvæmt sérstökum ráðningarsamningi, sem gildi þó til 28. febrúar 1998. Engin breyting hafi verið á starfi og um starf lækningaritara hafi verið að ræða. Á tímabilinu 16. mars 1998 til 13. apríl 1998 kveður Ásdís Sveinsdóttir Halldóru hafa unnið 50% starf í afleysingum vegna forfalla Sveindísar Þórisdóttur. Stefndi telur að aðeins kæmu til álita þau tímabil þar sem sérstakur ráðningarsamningur um afleysingar hafi ekki legið fyrir verði ekki fallist á sýknukröfu að fullu. Engin rök séu til að taka viðurkenningarkröfu stefnanda til greina þar sem Halldóra hafi ekki unnið verkefni annars nema sem nam starfshlutfalli þess starfsmanns hluta tímans. Þá séu engin rök til að fallast á kröfu stefnanda að því leyti sem hún nái fram yfir 1. apríl 1998.

Stefndi mótmælir því að tilvitnaðir dómur Félagsdóms frá 30.

desember 1991 í málinu nr. 6/1991 og frá 2. nóvember 1993 í málinu nr. 8/1993 geti stutt kröfur stefnanda, en í báðum málunum hafi verið um að ræða staðgöngu yfirmanns. Halldóra Hilmarsdóttir hafi ekki leyst af yfirmann á þeim tímabilum sem kröfugerð stefnanda varðar.

Til stuðnings kröfu stefnda um málskostnað er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 65. gr. laga nr. 80/1938.

Niðurstaða.

Með kjarasamningi aðila, er undirritaður var 24. apríl 1997, voru gildandi kjarasamningar aðila framlengdir til 31. október 2000 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningnum fólust. Í kjarasamningi aðila, er tók gildi 1. apríl 1995 og gildi til ársloka 1996, var sérstaklega fjallað um aðra staðgengla í grein 9.3.1. er samkvæmt framansögðu var framlengd með kjarasamningnum frá 24. apríl 1997.

Aðila málsins greinir á um túlkun á þessu ákvæði, en það er svohljóðandi:

„Starfsmaður sem ekki er í stöðu staðgengils yfirmanns, en er falið að gegna störfum yfirmanns í forföllum hans eða störfum annars herra launaðs starfsmanns, skal taka laun skv. launaflokki hins forfallaða starfsmanns þann tíma, er hann gegnir starfi hans.“

Halldóru Hilmarsdóttur var falið að gegna störfum Sveindísar Þórisdóttur, lækningaritara (deildarlæknafulltrúa), í forföllum hennar. Það er krafa stefnanda, á grundvelli framangreinds ákvæðis, að viðurkennt verði með dómi að stefnda sé skylt að greiða Halldóru Hilmarsdóttur staðgengilslaun samkvæmt launaflokki 242 þrepi 8 í kjarasamningi aðila þrjú tilgreind tímabil og samkvæmt launaflokki B03 þrepi 6 fyrir eitt tímabil. Óumdeilt er að Halldóra Hilmarsdóttir tók laun samkvæmt launaflokki 239 þrepi 3 í fyrrgreindum kjarasamningi áður en nýtt launakerfi kom til sögunnar sem samið var um í kjarasamningnum frá 24. apríl 1997. Hvað varðar tímabilið 1. apríl 1998 til og með 13. apríl sama ár hefur stefndi sérstaklega mót-mælt kröfu stefnanda á þeim forsendum að ekkert liggja fyrir í málinu um það hvenær þeim Halldóru og Sveindísi hafi verið raðað samkvæmt hinu nýja launakerfi.

Stefnandi byggir kröfu sína á því að samkvæmt skýru og ótvíræðu orðalagi greinar 9.3.1. í kjarasamningnum eigi staðgengill rétt til

sömu launa og hinn forfallaði starfsmaður naut. Halldóra Hilmarsdóttir hafi gegnt verkefnum Sveindísar Þórisdóttur í forföllum hennar. Enda þótt um sambærileg verkefni sé að ræða séu störfin ekki þau sömu. Umrætt ákvæði kjarasamningsins gildi, þótt störfin séu hliðsett, enda sé ekki neinn áskilnaður gerður í ákvæðinu um meiri ábyrgð og verkefni. Séu launin hærri beri staðgengli þau. Af hálfu stefnda er því ekki mótmælt að Halldóra Hilmarsdóttir hafi gegnt verkefnum Sveindísar Þórisdóttur umrædd tímabil. Hins vegar er þeirri túlkun mótmælt að það eitt nægi að laun hins forfallaða starfsmanns séu hærri. Sannað sé með vottorðum Ríkisspítala að um sama starf sé að ræða og munur á launaflokkum stafi eingöngu af starfstíma, sbr. ákvörðun samráðsnefndar frá 11. maí 1995 sem liggur fyrir í málinu. Skýra verði umrætt ákvæði kjarasamningsins svo að starfið verði að vera annað og meira vegna eðlis þess. Starfsmanni verði þannig að hafa verið falið að gegna öðru starfi í þessum skilningi. Því sé ekki til að dreifa í tilviki Halldóru Hilmarsdóttur.

Óumdeilt er að Halldóra Hilmarsdóttir gegndi ekki launuðu staðgengilsstarfi samkvæmt ráðningarsamningi. Jafnframt er ekki ágreiningur um það, eins og fyrr segir, að hún sinni verkefnum Sveindísar Þórisdóttur í forföllum hennar. Þá verður ekki séð að ágreiningur sé um þau tímabil sem um ræðir í málinu, en sérstök mótmæli stefnda varðandi tímabilið 1. apríl 1998 til og með 13. apríl sama ár byggjast á því að óupplýst sé um tímamark gildistöku breytinga til samræmis við nýtt launakerfi. Halldóra Hilmarsdóttir og Sveindís Þórisdóttir tóku laun samkvæmt sama kjarasamningi. Enda þótt atvikum sé svo háttað í máli þessu að um hafi verið að ræða hliðsett störf verður það með hliðsjón af skýlausu orðalagi greinar 9.3.1. ekki talið útiloka að það ákvæði eigi við.

Fyrir liggur að Halldóra Hilmarsdóttir gegndi störfum Sveindísar Þórisdóttur, er herra var launuð, á umræddum tíma. Samkvæmt ótvíræðu orðalagi greinar 9.3.1. í kjarasamningnum ber henni réttur til launa í staðgengilsstarfi eftir launaflokki 242 og skiptir ekki máli í því sambandi þótt gerðir hafi verið við hana sérstakir ráðningar-samningar um afleysingar. Kjarasamningsákvæði þetta tekur samkvæmt orðanna hljóðan eingöngu til launaflokks hins forfallaða starfsmanns en ekki til launapreps. Hafnað er kröfu stefnanda að því er tekur til tímabilsins 1. apríl 1998 til og með 13. apríl sama ár, enda verður að taka undir það með stefnda að óupplýst sé af hálfu

stefnanda um launflokkaröðun Sveindísar Þórisdóttur í hinu nýja launakerfi.

Rétt þykir að stefndi greiði stefnanda 150.000 krónur í málskostnað.

Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Viðurkennt er að stefnda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, sé skylt að greiða Halldóru Hilmarsdóttur staðgengilslaun samkvæmt launaflokki 242 í kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkisins tímabilin 01.04.97–30.06.97, 04.12.97–31.01.98 og 16.03.98–31.03.98.

Stefndi greiði stefnanda, Starfsmannafélagi ríkisstofnana, 150.000 krónur í málskostnað.
